

Arctic Fish ehf.
Aðalstræti 20
400 Ísafjörður

Akureyri, 24.10.2024
UST202401-101/G.S.Á.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 24.09.2024 - Arctic Sea Farm ehf., Dýrafirði ID192

Þann 24. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í fiskeldisstöð Arctic Sea Farm ehf., Dýrafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu:

1. Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársskýrslu.

Níu frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara, hvorki fyrir Eyrarhlíð í júlí 2023 né Haukadalsbót í apríl 2023.
2. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma. **Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.**
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Olíuefni voru geymd við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni. **Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.**
4. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
5. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. **Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.**
6. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
7. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert.

Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávíkinu því lokað.

- 8.** Gr. 4.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. **Frávíkinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.**
- 9.** Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seyða, í kvíar við Eyrarhlíð og Haukadalsbót árið 2023 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða þann 17. júlí 2024, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávíkum nr. 1 og 9, í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 15. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur